Nr. 1106 17. desember 2009

# REGLUGERÐ

**um (48.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

A) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/38/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2009 frá 6. febrúar 2009.

B) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/82/EB frá 30. júlí 2008 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB að því er varðar fóður sem ætlað er sem stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2009 frá 30. maí 2009.

2. gr.

Fóður, sem sérstök næringarmarkmið gilda um samkvæmt tilskipun 93/74/EBE, má aðeins markaðssetja ef fyrirhuguð notkun þess kemur fram í B-hluta I. viðauka við þessa reglugerð og ef það fullnægir öðrum ákvæðum I. viðauka. Efnisákvæði í „Almenn ákvæði“ í A-hluta I. viðauka. gilda einnig um þetta fóður.

3. gr.

Viðauki I við reglugerð þessa kemur í stað 3. kafla „Sérfóður“ í 5. viðauka reglugerðar nr. 340/2001.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

# VIÐAUKI I

*I. VIÐAUKI*

**A-HLUTI**

**Almenn ákvæði**

1. Ef tilgreindur er fleiri en einn hópur næringareiginleika í 2. dálki B-hluta með athugasemdinni „og/eða“ fyrir sömu næringarmarkmið er framleiðanda frjálst að nota annan eða báða hópa mikilvægra eiginleika vegna þess næringarmarkmiðs sem er skilgreint í 1. dálki. Fyrir hvern valkost eru viðeigandi upplýsingar fyrir merkimiða gefnar í 4. dálki.

2. Ef hópur aukefna er tilgreindur í 2. eða 4. dálki B-hluta skulu þau aukefni, sem eru notuð, hafa verið leyfð í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og vera í samræmi við tilgreinda mikilvæga eiginleika.

3. Ef upplýsinga um uppruna innihaldsefna eða greiningarþátta er krafist í 4. dálki B-hluta skal framleiðandi veita nákvæmar upplýsingar (t.d. um sérheiti innihaldsefnis eða -efna, dýrategund eða hluta dýrs) til að unnt sé að meta hvort fóðrið samrýmist samsvarandi, mikilvægum næringareiginleikum.

4. Ef upplýsinga um efni, sem einnig er leyft sem aukefni, er krafist í 4. dálki B-hluta og forskeytið „heildar-“, eða orðið „samtals“ fylgir upplýsingunum skal innihaldið gefið upp með tilvísun til, eftir því sem við á, þess magns sem er fyrir hendi við náttúrulegar aðstæður þar sem engu hefur verið bætt við eða, með því að víkja frá tilskipun ráðsins 70/524/EBE, þess heildarmagns efnisins sem er fyrir hendi við náttúrulegar aðstæður og þess magns sem er bætt við í formi aukefnis.

5. Upplýsinga, sem er krafist í 4. dálki með athugasemdinni „sé ... bætt við“, eru lögboðnar hafi innihaldsefnið eða aukefnið verið sett í eða aukið sérstaklega svo að ná megi sérstöku næringarmarkmiði.

6. Upplýsingarnar, sem veita á í samræmi við 4. dálk B-hluta um greiningarþætti og aukefni, skulu vera megindlegar.

7. Ráðlagður notkunartími, sem er tilgreindur í 5. dálki í B-hluta, er sá tími sem að jafnaði er nauðsynlegur til að uppfylla næringarmarkmið. Framleiðendur geta gefið upp nákvæmari notkunartíma innan fastsettra marka.

8. Ef fóðri er ætlað að uppfylla fleiri en eitt næringarmarkmið verður það að samrýmast samsvarandi færslum í B-hluta.

9. Þegar um er að ræða fóðurbæti sem miðast við sérstök næringarmarkmið skulu upplýsingar um samsetningu daglegs skammts koma fram í notkunarleiðbeiningum á merkimiða.

**B-HLUTI**

**Skrá yfir fyrirhugaða notkun**

| Sérstök næringarmarkmið | Mikilvægir eiginleikar næringarefna | | Tegund eða flokkur dýra | Upplýsingar á merkimiðum | Ráðlagður notkunartími | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| (1) | (2) | | (3) | (4) | (5) | (6) |
| Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar (1) | Lítið fosfórinnihald og takmarkað prótíninnihald en í háum gæðaflokki | Lítið fosfórinnihald og takmarkað prótíninnihald en í háum gæðaflokki | Hundar og kettir | Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Kalíum<br>— Natríum<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðum til að byrja með (2) | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| | eða | eða | | | | |
| | Minnkuð upptaka fosfórs með notkun Lantankarbónatoktahýdrats | Minnkuð upptaka fosfórs með notkun Lantankarbónatoktahýdrats | Fullorðnir kettir | — Prótíngjafi (próteingjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Kalíum<br>— Natríum<br>— Lantankarbónatoktahýdrat<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðum til að byrja með (2) | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| Uppleysing strúvítsteina ([3]) | — Þvagsýrandi eiginleikar, lítið magnesíuminnihald og takmarkað prótíninnihald en í háum gæðaflokki | | Hundar | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýrandi efni | 5 til 12 vikur | Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“<br>Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| | — Þvagsýrandi eiginleikar og lítið magnesíuminnihald | | Kettir | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Heildar tárín<br>— Þvagsýrandi efni | | |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Að draga úr hættu á að strúvítsteinar myndist aftur (4) | Þvagsýrandi eiginleikar og miðlungi mikið magnesíuminnihald | Hundar og kettir | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýrandi efni | Allt að 6 mánuðir | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr myndun úratsteina | Lítið púríninnihald, lítið prótíninnihald en í háum gæðaflokki. | Hundar og kettir | Prótíngjafi (prótíngjafar) | Allt að 6 mánuðir; lífstíðarnotkun ef varanleg röskun er á þvagsýruefnaskiptum | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr myndun oxalatsteina | Lítið kalsíuminnihald, lítið innihald D-vítamíns og efna sem gera þvag basískt | Hundar og kettir | — Fosfór<br>— Kalsíum<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Heildar D-vítamín<br>— Hýdroxýprólín<br>— Efni sem gera þvag basískt | Allt að 6 mánuðir | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr myndun systínsteina | Lítið prótíninnihald, miðlungi mikið innihald amínósýrna, sem innihalda brennistein, og efna sem gera þvag basískt | Hundar og kettir | — Heildarinnihald amínósýrna sem í er brennisteinn<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Efni sem gera þvag basískt | Allt að 1 ár til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Að draga úr óþoli gegn innihalds- og næringarefnum ([4]) | — Valinn prótíngjafi (prótíngjafar)<br>og/eða<br>— Valinn kolvetnisgjafi (valdir kolvetnisgjafar) | Hundar og kettir | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna (sé þeim bætt við)<br>— Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna (sé þeim bætt við) | 3 til 8 vikur: ef merki um óþol hverfa má nota fóðrið í ótakmarkaðan tíma | |
| Að draga úr hættu á bráðum truflunum á uppsogi í þörmum | Aukið innihald rafkleyfra efna og auðmeltanlegra innihaldsefna | Hundar og kettir | Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>Natríum<br>Kalíum<br>Slímefnagjafar (sé þeim bætt við) | 1 til 2 vikur | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Við bráðum niðurgangi og þar til bata er náð.“<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Mótvægi við meltingartruflanir ([5]) | Auðmeltanleg innihaldsefni og lítið fituinnihald | Hundar og kettir | Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á | 3 til 2 vikur; lífstíðarnotkun ef um langvinna briskirtilbilun er að ræða | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Stuðningur við hjartastarfsemi vegna langvinnrar hjartabilunar ([1]) | Lítið natríuminnihald og aukið hlutfall K/Na | Hundar og kettir | — Natríum<br>— Kalíum<br>— Magnesíum | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Stjórnun á glúkósaforða (sykursýki) | Lítið innihald kolvetna sem breytast hratt í glúkósa | Hundar og kettir | — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Meðhöndlun kolvetna, ef við á<br>— Sterkja<br>— Heildarsykrur<br>— Frúktósi (sé honum bætt við)<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna (sé þeim bætt við)<br>— Gjafi (gjafar) fitusýrna sem eru með stuttri og miðlungs-langri kolefnakeðju (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrarbilunar | — Hágæðaprótín, miðlungi mikið prótíninnihald, mikið innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna og mikið innihald auðmeltanlegra kolvetna. | Hundar | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna<br>— Auðmeltanleg kolvetni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Natríum<br>— Heildarkoparinnihald | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| | — Hágæðaprótín, miðlungi mikið prótíninnihald og mikið innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna. | Kettir | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna<br>— Natríum<br>— Heildarkoparinnihald | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| Stjórnun á fituefnaskiptum ef um of mikla blóðfitu er að ræða | Lítið fituinnihald og mikið innihald mikilvægra fitusýrna | Hundar og kettir | — Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna<br>— Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Allt að 2 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Að draga úr uppsöfnun kopars í lifur | Lítið koparinnihald | Hundar | Heildarkoparinnihald | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Að draga úr ofþyngd | Lítið orkuinnihald | Hundar og kettir | Orkugildi | Þar til kjörlíkamsþyngd er náð | Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina ráðlagðan dagskammt. |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Næringarleg uppbygging, afturbati ([6]) | Mikið orkuinnihald, mikill styrkleiki mikilvægra næringarefna og auðmeltanleg innihaldsefni | Hundar og kettir | — Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Orkugildi<br>— Innihald n-3-fitusýrna og n-6-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Þar til dýrið hefur náð sér | Þegar sérstaklega er tekið fram að fóður skuli gefið með slöngu komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Gefið undir eftirliti dýralæknis.“ |
| Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóms og mikils hármissis | Mikið innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna | Hundar og kettir | Innihald lífsnauðsynlegra fitusýrna | Allt að 2 mánuðir | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr hættu á doða | — Lítið kalsíuminnihald | Mjólkurkýr | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Magnesíum | 1 til 4 vikur fyrir burð | Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Hættið gjöf eftir burð“ |
| | og/eða | | | | |
| | — Lágt hlutfall plús-/mínusjóna | | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn | 1 til 4 vikur fyrir burð | Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Hættið gjöf eftir burð“ |
| | eða | | | | |
| | — Mikið innihald seólíts (tilbúið álnatríumsílíkat) | | Innihald tilbúins álnatríumsílíkats | Í 2 vikur fyrir burð | Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Takmarka skal magn fóðurs svo að dagleg inntaka af álnatríumsílíkati fari ekki yfir 500 g á hvert dýr.“<br>„Hættið gjöf eftir burð“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| | eða<br>— Mikið innihald kalsíums í formi auðaðgengilegra kalsíumsalta | | Heildarinnihald kalsíums, gjafar og tilsvarandi magn kalsíums | Frá því að fyrstu merki sjást um burð þar til tveimur dögum eftir burð | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>— Notkunarleiðbeiningar, þ.e. hversu oft notað og tími fyrir og eftir burð.<br>— Textinn „Ráðlagt er að leita álits næringarfræðings fyrir notkun.“ |
| Að draga úr hættu á ketónkvilla ([7])([8]) | Innihaldsefni sem gefa orku í formi glúkósa | Mjólkurkýr og ær | Innihaldsefni sem gefa orku í formi glúkósa<br>Própan-1,2-díól (sé því bætt við sem forefni glúkósa)<br>Glýseról (sé því bætt við sem forefni glúkósa) | 3 til 6 vikur eftir burð (kýr) ([9])<br>6 vikur fyrir og 3 vikur eftir burð (ær) ([10]) | |
| Að draga úr hættu á graskrampa (hypomagnesaemia) | Mikið magnesíuminnihald, kolvetni sem eru auðaðgengileg, miðlungi mikið próteininnihald og lítið kalíuminnihald | Jórturdýr | — Sterkja<br>— Heildarsykrur<br>— Magnesíum<br>— Natríum<br>— Kalíum | 3 til 10 vikur á þeim tíma sem grasvöxtur er mikill | Í notkunarleiðbeiningum skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar viðbót trefjaefna og orkugjafa sem eru auðaðgengilegir.<br>Þegar fóðrið er ætlað sauðfé komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Einkum fyrir mjólkandi ær.“ |
| Að draga úr hættu á blóðsýringu | Lítið innihald auðgerjanlegra (auðmeltanlegra) kolvetna og mikil jafnarýmd | Jórturdýr | — Sterkja<br>— Heildarsykrur | Hámark 2 mánuðir ([11]) | Í notkunarleiðbeiningum skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar viðbót trefjaefna og auðgerjanlega kolvetnisgjafa.<br>Þegar fóðrið er ætlað mjólkurkúm komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Einkum fyrir nytháar kýr.“<br>Þegar fóðrið er ætlað jórturdýrum til að auka fallþunga þeirra komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Einkum fyrir stríðalin dýr.“ ([12]) |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Að koma vökva og rafkleyfum efnum í jafnvægi | Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem frásogast auðveldlega | Kálfar<br>Smágrísir<br>Lömb<br>Kiðlingar<br>Folöld | — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð | 1 til 7 dagar (1 til 3 dagar ef annað fóður er ekki gefið með) | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>— „Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla.“<br>— „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr hættu á myndun þvagfærasteina | Lítið innihald fosfórs, magnesíums og þvagsýrandi efna | Jórturdýr | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýrandi efni | Allt að 6 vikur | Á umbúðum, íláti eða merkimiða: komi fram<br>„Einkum fyrir ung, stríðalin dýr.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| Að draga úr streituviðbrögðum | — Mikið magnesíuminnihald<br>og/eða<br>— Auðmeltanleg innihaldsefni | Svín | Magnesíum<br>Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við) | 1 til 7 dagar | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður. |
| Að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi | — Lítil jafnarýmd og auðmeltanleg innihaldsefni | Smágrísir | Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>Jafnarýmd<br>Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við)<br>Slímefnagjafar (sé þeim bætt við) | 2 til 4 vikur | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla.“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| | — Auðmeltanleg innihaldsefni | Svín | — Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við)<br>— Slímefnagjafar (sé þeim bætt við) | | |
| Að draga úr hættu á hægðatregðu | Innihaldsefni sem örva þarmahreyfingar | Gyltur | Innihaldsefni örva þarmahreyfingar | 10 til 14 dagar fyrir got og 10 til 14 dagar eftir got | |
| Að draga úr hættu á fitulifurheilkenni | Lítið orkuinnihald og hátt hlutfall orku úr lípíðum sem nýtist í efnaskipti með mikið innihald fjölómettaðra fitusýrna | Varphænur | — Orkugildi (reiknað út samkvæmt aðferðum ESB)<br>— Hlutfall orku úr lípíðum sem nýtist í efnaskipti<br>— Innihald fjölómettaðra fitu-sýrna | Allt að 12 vikur | |
| Mótvægi við vanfrásogi | Lítið innihald fjölmettaðra fitusýrna og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína | Alifuglar, þó ekki gæsir eða dúfur | — Hlutfall mettaðra fitusýrna á móti fitusýrum alls<br>— Heildar A-vítamín<br>— Heildar D-vítamín<br>— Heildar E-vítamín<br>— Heildar K-vítamín | Tvær fyrstu vikurnar eftir klak | |
| Mótvægi við langvinna starfsbilun í smáþörmum | Kolvetni, prótín og fita sem meltast að mestu leyti framan við botnristil | Dýr af hestaætt ([13]) | — Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótín- og fitugjafar, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður og hvernig það skal gefið, þ.m.t. margir litlir skammtar á dag.<br>Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Mótvægi við langvinnar meltingartruflanir í ristli | Auðmeltanlegar trefjar | Dýr af hestaætt | — Trefjagjafi (trefjagjafar)<br>— Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður og hvernig það skal gefið.<br>Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Að draga úr streituviðbrögðum | Auðmeltanleg innihaldsefni | Dýr af hestaætt | — Magnesíum<br>— Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Tvær til fjórar vikur | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður. |
| Mótvægi við tap á rafkleyfum efnum við mikla svitnun | Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem frásogast auðveldlega | Dýr af hestaætt | — Kalsíum<br>— Natríum<br>— Magnesíum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Glúkósi | Einn til þrír dagar | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.<br>Þegar fóðrið er stór hluti af daglegum skammti skal veita upplýsingar um áhættuna við skyndilegar breytingar á samsetningu fóðurs.<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |
| Næringarleg uppbygging, afturbati | Mikill styrkleiki nauðsynlegra næringarefna og auðmeltanleg innihaldsefni | Dýr af hestaætt | — Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Innihald n-3-fitusýrna og n-6-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Þar til dýrið hefur náð sér | Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.<br>Þegar sérstaklega er tekið fram að fóður skuli gefið með slöngu komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Gefið undir eftirliti dýralæknis.“ |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) |
|---|---|---|---|---|---|
| Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvarandi lifrarbilunar | Lítið innihald prótíns en í háum gæðaflokki og auðmeltanleg kolvetni | Dýr af hestaætt | — Prótín og -trefjagjafar<br>— Auðmeltanleg kolvetni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Metíónín<br>— Kólín<br>— Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Veita skal leiðbeiningar um hvernig fóðrið skal gefið, þ.m.t. margir litlir skammtar á dag.<br>Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar | Lítið prótíninnihald en í háum gæðaflokki og lítið fosfórinnihald | Dýr af hestaætt | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Kalíum<br>— Magnesíum<br>— Natríum | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“<br>Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |

([1]) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.
([2]) Ef mælt er með fóðrinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.
([3]) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti má bæta setningunni „þvagrásarsjúkdómar katta“ eða „þvagrásarheilkenni katta — FUS“ (feline urological syndrome) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
([4]) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „innihalds- og næringarefna“.
([5]) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „skortur á framleiðslu brissafa“ við dálkinn Sérstök næringarmarkmið:
([6]) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti er framleiðanda heimilt að bæta tilvísuninni „fitulifur í köttum“ (feline hepatic lipidosis) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
([7]) Heimilt er að nota hugtakið „ketónblæði“ (acetonemia) í stað „ketónkvilla“ (ketosis).
([8]) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við bata eftir ketónkvilla.
([9]) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr:
([10]) Þegar um er að ræða fóður fyrir ær.
([11]) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst“.
([12]) Tilgreinið flokk viðkomandi jórturdýra.
([13]) Þegar um er að ræða fóður, sem er tilreitt til að uppfylla sérstakar þarfir mjög gamalla dýra (innihaldsefni sem eru auðveld til inntöku), skal bæta tilvísuninni „gömul dýr“ við upplýsingarnar um tegund eða flokk dýra.